

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal borin undir deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildar en heyrir endanlega undir rektor og háskólaritara skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands. Bókhald stofnunarinnar skal vera hluti af heildarbókhaldi háskólans.

Stjórn Verkfræðistofnunar skiptir fjárveitingu og öðrum tekjum sem stofnunin aflar á viðfangsefni.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. 87. gr. reglugerðar nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, og öðlast gildi 1. janúar 1978.

Menntamálaráðuneytið, 8. nóvember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Árni Gunnarsson.

10. nóvember 1977.

Nr. 405.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fyrirtæki, sem starfa að loftflutningum, nr. 91 20. mars 1973, sbr. breytingu á þeirri reglugerð, nr. 49 20. febrúar 1975 og nr. 205 24. maí 1976.

1. gr.

5. gr. orðist þannig:

Leyfi til loftferðastarfsemi er veitt til ákveðins tíma og veitir leyfishafa heimild til að stunda þá loftferðastarfsemi, sem nánar er tiltekin í leyfisbréfinu.

2. gr.

Í reglugerðina bætist ný gr., er verði 6. gr., svohljóðandi:

Loftferðafyrirtæki, sem stundar reglubundið flug, óreglubundið flug eða þjónustuflyg, skal hafa framkvæmdastjóra flugdeildar, sem ber ábyrgð á flugrekstrinum í heild.

Framkvæmdastjórinn skal hafa sér til aðstoðar flugrekstrarstjóra og tæknistjóra. Flugrekstrarstjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á flugrekstrinum (Operations) og tæknistjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á tækniatriðum flugrekstrarins. Flugrekstrarstjórinn skal vera starfsmaður hjá loftferðafyrirtækinu. Tæknistjórinn þarf í vissum tilvikum ekki að vera persóna eða fyrirtæki, sem starfar hjá loftferðafyrirtækinu. Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu vera viðurkenndir af flugmálastjórn.

Ef starfsemi loftferðafyrirtækisins er lítil í sniðum getur flugmálastjórn samþykkt að framkvæmdastjóri sé jafnframt flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri.

Framkvæmdastjóri flugdeildar skal bera ábyrgð á því að flugrekstrardeild og tæknideild sé gert kleift að sinna hlutverki sínu og skyldum.

Flugrekstrarstjóri ber ábyrgð á:

- a) stjórn og rekstri flugstarfseminnar, svo og skipulagi og umfangi flugdeildar,
- b) því að halda við og hafa tiltækar leiðbeiningar um stöðu, ábyrgð og tilhögun bæði í starfsemi á jörðu og á flugi er varðar starfslið flugrekstrardeildar,
- c) mati á hæfni flugstarfsliðs, viðurkenningu á hæfni þess til ráðningar og nauðsynlegru þjálfun þess,

- d) því að samþykkja flugverkefni frá sjónarmiði flugrekstrar, svo og skiptingu og skipulagningu flugverkefna með hliðsjón af hæfni flugverja, svo og að sjá um að flugverjar fái nægilega kennslu og þjálfun,
- e) stjórn á kennslu flugverja, eftirlit með henni og þjálfun þeirra samkvæmt gildandi reglum og flugrekstrarbók,
- f) því, að nauðsynlegt leyfi, leiðsögubúnaður og upplýsingar um leitar- og björgunarþjónustu fyrir það svæði, sem flogið skal yfir, séu tiltæk fyrir hvert einstakt flug,
- g) því, að hver einstakur flugverji hafi upplýsingar um, að svo miklu leyti, sem bær eru nauðsynlegar hans sérstaka starfi, reglur og fyrirmæli, sem gilda á því svæði sem flogið skal yfir, fyrir flugvelli, sem nota skal, og um tilheyrandi leiðsögutæki á svæðum þessum og flugvöllum, svo og skyldur til að fara eftir þeim,
- h) að leiðarbækur og skýrslur, sem krafist er að skuli færðar í flugrekstrinum, séu rétt og reglulega færðar og við haldið,
- i) að fullnægt sé tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð um það efni, eins og hún er á hverjum tíma.

Tæknistjóri ber ábyrgð á :

- a) skipulagningu og umfangi verksviðs, svo og stjórn tæknideildar loftferðafyrirtækisins, einnig samningum og framkvæmd á viðhaldi, sem unnið er utan fyrirtækisins,
- b) því að tiltækar séu leiðbeiningar og haldið sé við leiðbeiningum um stöðu, ábyrgð og tilhögun, er varðar vinnubrögð, viðhaldsvöndun og viðhaldseftirlit,
- c) mati á hæfni tæknistarfsliðs í ábyrgðarstöðum og nauðsynlegri þjálfun þess,
- d) útvegum og meðferð alls efnis, sem notað er í viðhaldi og mikilvægt er fyrir gæðastaðal viðhaldsdeildar loftferðafyrirtækisins,
- e) að viðhaldsbækur og skýrslur, sem krafist er að skuli færðar, séu rétt og reglulega færðar og við haldið,
- f) að fullnægt sé tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð um það efni, eins og hún er á hverjum tíma.

Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri eru samábyrgir fyrir skipulagningu þeirrar starfsemi, sem tengir flugrekstur og viðhald, og fyrir því að koma á fót og halda stöðugt við yfirliti um notkunarendingu og bilanir hluta.

Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu nema flugmálastjórn telji það óþarft, gangast undir sérstakt próf hjá flugmálastjórn í reglum um loftferðir og framkvæmd þeirra.

Ef flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri láta af störfum hjá loftferðafyrirtækinu skal frakvæmdastjórinn tilkynna það flugmálastjórn tafarlaust, svo og sækja um viðurkenningu á eftirmanni. Starfsemi fyrirtækisins má eigi halda áfram fyrr en nýr flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri hefur á ný hafið störf hjá loftferðafyrirtækinu. Flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri mega tilnefna staðgengil sinn í forföllum sínum, en ef þeir eru fjarverandi lengur en einn mánuð, skal flugmálastjórn viðurkenna hlutaðeigandi staðgengil.

3. gr.

Í reglugerðinni bætist ný gr., er verði 18. gr., svohljóðandi:

Eigi má hefja flug fyrr en flugstjóri hefur sannfærst um að viðhaldsvottorð hafi verið gefið út fyrir loftfarið í samræmi við gildandi reglur.

Flugstjóri skal sjá um að hleðslu- og jafnvægisrá sé gerð fyrir hvert flug eða röð af flugferðum. Af skránni skal hægt að sjá að þungi flugvélarinnar sé þannig að með hliðsjón af hugsanlegum veðurskilyrðum sé unnt að ljúka fluginu, hleðsla og dreifing fárms og farþega skal vera þannig, að lega þyngdarpunkts sé innan réttra marka. Hleðslu- og jafnvægisráin skal vera samþykkt og undirrituð af flugstjóra.

Hana skal geyma a. m. k. þrjá mánuði. Í stað hleðslu- og jafnvægisskrár má í vissum tilvikum koma einföld hleðsluskrá, ef flugmálastjórn hefur samþykkt það fyrir hlut- aðeigandi loftfar og flugstarfsemi.

4. gr.

Í reglugerðina bætist ný gr., er verði 20. gr., svohljóðandi:

Gild flugrekstrarbók (Operations Manual) skal vera tiltæk og samþykkt af flugmálastjórn. Flugrekstrarbókin skal vera samin með hliðsjón af reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — International Civil Aviation Organisation (ICAO), „Manual of Procedures for Operations Certification and Inspection“, eins og þær eru á hverjum tíma. Flugmálastjórn skal látið í té eitt eintak af flugrekstrarbók og halda skal við leiðréttinga- og breytingaþjónustu.

5. gr.

Í reglugerðina bætist ný gr., er verði 21. gr., svohljóðandi:

Gild viðhaldsbók skal vera tiltæk fyrir hverja flugvéartegund, sem flugrekandi notar, og vera samþykkt af flugmálastjórn. Viðhaldsbók skal samin á kerfisbundinn hátt og hafa efnisyfirlit og skrá yfir leiðréttingar og breytingar. Flugmálastjórn skal látið í té eitt eintak af viðhaldsbók og skal leiðréttinga- og breytingaþjónustu haldið við.

6. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist í samræmi við ákvæði 2.—5. gr. reglugerðar þessarar, þannig að greinar 6—16 verði 7—17, grein 17 verði 19 og greinar 18—20 verði 22—24.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

9. nóvember 1977.

Nr. 406.

AUGLÝSING

um gildistöku nýrrar lyfjaskrár.

Frá og með 1. janúar 1978 skal hin enska útgáfa evrópsku lyfjaskrárinnar, Pharmacopoeia Europaea, bindi I—III ásamt viðaukum og breytingum 1973 og 1977 vera gildandi lyfjaskrá á Íslandi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. nóvember 1977.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.